

Minnisblað AHS

Efni: Smit eftir fæðingarári

Viðtakandi: Sviðsstjórar fræðslumála á höfuðborgarsvæðinu

Sendandi: Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins

Dags.: 13. október 2020

Hér fyrir neðan er fjöldi staðfesta smita yfir þá sem eru fæddir frá 2002 t.o.m. 2020 og samanburður á tímabili 1 og tímabili 2. Hafa verður í huga fjölda sem er sendur í sýnatöku og einnig lengd tímabila. Einnig var mismunandi verklag í sóttvarnareglum og takmörkunum á skólahaldi. Eftirfarandi reglugerðir er búið að auglýsa þegar þetta minnisblað er skrifað.

	Tímabil 1	Tímabil 2
Reglugerð*	28. febrúar - 14. júní	15. júní - 8. október
Nr. 216	13. mars	
Nr. 308	3. apríl	
Nr. 811		20. ágúst
Nr. 812		20. ágúst
Nr. 865		3. september
Nr. 936		28. september
Nr. 958		4. október
Nr. 967		6. október

*Í reglugerðunum er bæði verið að herða, aflétta og framlengja aðgerðir

Hér fyrir neðan er fjöldi innanlandssmita eftir tímabilum og fjöldi sýna sem voru tekin. Þessa þætti þarf að hafa í huga þegar staðan er metin. Hlutfall barna (0-18 ára) af heildarfjölda smitaðra innanlands er 12 % á tímabili 2 en 9% á tímabili 1. Smitin þurfa ekki að tengjast leik- eða grunnskólum heldur samfélagsleg smit eins og t.d. af heimilinu.

	Tímabil 1	Tímabil 2	Breytingar á milli tímabila	
	28. febrúar - 14. júní	15. júní - 8. október	magn	hlutfall
Staðfest smit*	1.810	1.597	-213	-11,8%
Smit 2002 t.o.m. 2020	166	191	25	15,1%
Hlutfall af heild	9,2%	12,0%		
Fjöldi daga	107	115	8	7,5%

Fjöldi sýna**	63.157	82.657	19.500	30,9%
---------------	--------	--------	--------	-------

* Smit innanlands

** Sýni á landamærum eru ekki tekin með

Hér fyrir neðan er tafla sem sýnir mismun á milli tímabila og skólastiga. Unnið úr greiningu almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra sem sér um smitrakningu og er hluti af þessu skjali. Þar kemur fram að smit sem er hægt rekja til eða tengja skólum með einhverjum hætti er ívið lægri á tímabili 1 en 2.

	Tímabil 1	Tímabil 2	Breytingar á milli tímabila	
	28. febrúar - 14. júní	15. júní - 8. október	magn	hlutfall
Leikskóli				
Nemandi	21	8	-13	-61,9%
Starfsmaður	53	11	-42	-79,2%
	74	19		
Staðfest smit*	1.810	1.597		
Leikskóli hlutfall	4,1%	1,2%		

	Tímabil 1	Tímabil 2	Breytingar á milli tímabila	
	28. febrúar - 14. júní	15. júní - 8. október	magn	hlutfall
Grunnskóli				
Nemandi	100	44	-56	-56,0%
Starfsmaður	36	18	-18	-50,0%
	136	62		
Staðfest smit*	1.810	1.597		
Grunnskóli hlutfall	7,5%	3,9%		

Valtýr Stefánsson Thors, barnasmitsjúkdómalæknir segir flest barnanna sem hafa greinst hafa verið fremur einkennalítill. Flest þeirra fá væg einkenni sem eru hálssærindi, hósti og hiti. Í flestum tilfellum eru þetta skammvinn veikindi, þau eru búin á tveimur til þremur, kannski fjórum dögum. Það er líka býsna stór hópur af þessum börnum sem eru algerlega einkennalaus, fá aldrei nein einkenni. Þessa vitneskju þarf að hafa í huga þegar horft er til fjölda sýna. Einnig var mun meira um að börn væru send í sýnatöku á tímabili 2, þar sem mikið var um að stór hópur af börnum fóru í sóttkví þegar upp komu smit í leik- og grunnskólum.

Hér fyrir neðan er fjöldi staðfesta smita eftir fæðingarári fyrir aldurshópinn 2002 t.o.m. 2020 flokkað eftir tímabili 1 og 2.

	Tímabil 1	Tímabil 2	Breytingar
Fæðingarár	28. febrúar - 14. júní	15. júní - 8. október	á milli tímabila
2002	7	9	2
2003	17	26	9
2004	18	14	-4
2005	19	12	-7
2006	15	12	-3
2007	7	12	5
2008	10	30	20
2009	6	10	4
2010	8	9	1
2011	8	6	-2
2012	7	3	-4
2013	7	4	-3
2014	6	7	1
2015	8	6	-2
2016	5	6	1
2017	5	3	-2
2018	3	6	3
2019	10	8	-2
2020		8	8
Samtals	166	191	25


Staðfest smit	1.810	3.373	5.183
Smit 2002 t.o.m. 2020	166	191	357
Hlutfall af heild	9,2%	5,7%	6,9%

Mismunur			
Fjöldi daga	107	115	8
Fjöldi sýna	63.157	82.657	19.500

Þetta er ekki afgerandi munur á aldursskiptingu í þessari bylgju samanborið við þá fyrstu, smit milli barna eru fátíð en smitin eru flest að koma utan frá. Þessi smit tengjast ekki öll leik- eða grunnskólum.

Hér fyrir neðan er uppsafnaður fjöldi smita á tímabili 2 eftir aldurshópum og er hlutfallslegur fjöldi smita í aldurshópnum 18-29 ára töluvert hærri en á tímabili 1. Sá hópur á sennilega fleiri börn á leik- eða grunnskólaaldri en aldurshópurinn 40-49 og 50-59 ára en þar voru hlutfallegrir fleiri smit á tímabili 1.

Uppsafnaður fjöldi smita á hverja 1.000 íbúa eftir aldri




● fjöldi/1.000

Tímabil 2


Hér fyrir neðan er samskonar flokkun fyrir tímabil 1 og er það einnig tekið niður á kyn og er það áberandi að smit eru hlutfallsleg flest hjá þeim sem eru 40 ár og eldri. Í skoðun almannavarnadeildar sem sér um smitakninguna kemur fram að um 67% smita er innan fjölskyldunnar. Einungis virðist vera hægt að rekja 9

smit þar sem leikskólabarn eða grunnskólanemi hafi mætt veik í skólann og smitað út frá sér eða um 2,4% tilfella. Samantekt almannavarnadeildarinnar er hér fyrir neðan.



Tímabil 1

Einnig er áhugavert að sjá að einstaklingar sem eru fædd 2008 eru með 30 staðfest smit á tímabili 2 en 10 á tímabili 1 þannig að fjölgun á milli tímabila er 20 einstaklingar eða um 80% af fjölgun smita á milli tímabila. Smitum hjá þeim sem eru fæddir 2009 og yngri fjölgar um 3 á milli tímabila en 2 hjá þeim sem eru fædd 2007 og fyrr.



Súlurit, fjöldi á hverju tímabili og breytingar á milli tímabila.

Sjá hér fyrir neðan frekari greiningu frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra frá 1. október sl.



Upplýsingar um smit og sóttkví í skólum

Spurningar:

1. Hversu mörg smit hafa komið upp í skólum?
2. Í hve mörgum skólum hafa komið upp smit?
3. Hvort er algengara að börn eða kennarar greinist fyrst?
4. Smituðust börnin á heimilinu og komu veik í skólann?

Aðferð:

Niðurstöðurnar byggja á upplýsingum úr smittrakningargrunninum. Teknar voru út upplýsingar um einstaklinga sem hafa verið skráðir í einangrun í grunninum og hafa skráð tengsl við skólakerfið. Eftirfarandi leitarorð og beygingar af þeim voru notuð: skóli, stjóri, kennari, nemandi, deild, bekkur. Einnig voru teknar út upplýsingar um börn sem skráð hafa verið í einangrun og þau flokkuð í skólakerfi eftir aldri. Af þeim sökum liggja ekki alltaf fyrir upplýsingar um nafn leik- eða grunnskóla sem viðkomandi nemandi er skráður í. Teknar voru saman upplýsingar um nemendur í framhalds- og háskólum en ætla má að þær séu síst áreiðanlegar.

Erfitt getur reynst að fullyrða um það hver smitar hvern. Hér er miðað við dagsetningu fyrstu einkenna þegar þær upplýsingar liggja fyrir, annars er notast við tilfellanúmer. Gagnasafninu var skipt upp í fyrri og seinni bylgju—til einföldunar voru öll tilfelli eftir tilfellanúmer 1900 talin sem seinni bylgja og tilfellanúmer lægri en 1900 talin sem fyrri bylgja.

Niðurstöður:

1. Tafla 1 hér að neðan sýnir fjölda smita sem tengjast mismunandi skólastigum. Í heildina hafa 363 einstaklingar verið skráðir í einangrun í grunninum sem hafa tengingu við skólastarf. Þar af eru 223 nemendur og 140 kennarar, eða aðrir starfsmenn. Flest smit hafa komið upp í grunnskólum, alls 192 tilfelli. Hlutfall smita sem

Tafla 1. Fjöldi smita eftir bylgjum, skólastigi og stöðu

	Leikskóli	Grunnskóli	Framhaldsskóli	Háskóli	Samtals
Bylgja 1	74	136	26	3	239
Nemandi	21	100	18	3	142
Starfsmaður	53	36	8		97
Bylgja 2	19	62	17	26	124
Nemandi	8	44	12	17	81
Starfsmaður	11	18	5	9	43
Samtals	93	198	43	29	363



- hafa komið upp í tengslum við skóla er álika hátt í báðum bylgjunum. Um 13% smita í fyrri bylgju höfðu tengingu við skóla og tæplega 14% smita í seinni bylgjunni.
2. Alls hafa tilfelli verið tengd 86 skólum. Þar af eru 27 leikskólar, 41 grunnskóli og 14 framhaldsskólar. Í seinni bylgjunni hafa komið upp smit sem tengjast 39 skólum, þarf hafa komið upp smit sem tengjast átta leikskólum, 16 grunnskólum og 11 framhaldsskólum.
 3. Af þessum 363 eru 248 tengd smitum innan fjölskyldna, þar sem nemandi eða starfsmaður smitast af öðrum (oftast einhverjum nákomnum) og smitar ekki út frá sér inn í skólastofnunina. Hins vegar má rekja 115 smit til skólastofnana. Lang algengast er að kennari (eða annar starfsmaður) smiti út frá sér inn í skólann. Heilt yfir má rekja 72 smit þannig, þ.e. að starfsmaður veikist og smitar aðra í skólanum. Það var ekki að sjá nein dæmi um það að leikskólabarn eða grunnskólanemi smiti kennarann sinn, hins vegar hafa níu smit verið rakin á milli samnemenda í leik- og grunnskólum. Smitrakningarteymið hefur rakið 19 tilfelli þar sem framhaldsskólanemi smitar samnemendur og kennara. Loks eru einhver dæmi um óljósar smitleiðir.
 4. Eins og kemur fram hér að ofan hafa aðeins níu smit verið rakin þannig að leikskólabörn eða grunnskólanemar hafi mætt veik í skólann og smitað út frá sér.